

Mýrdalshreppur
Vigfús Þór Hróbjartsson
Austurvegi 17
870 Vík

Reykjavík, 24. júní 2015
Tilvísun:201506017/3.2

Efni: Mýrarbraut 13, gistiheimili

Vísað er til erindis Mýrdalshrepps dags. 22. júní 2015, þar sem tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 er send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn þann 11. júní 2015 sbr. 31. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram á kortblaði, dags. 8. júní 2015, með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:10.000.

Lagt er til að landnotkun á lóðinni Mýrarbraut 13 verði breytt úr íbúðasvæði í verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistihús.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.



Ólafur Brynjar Halldórsson